

Til þess er málið varðar

13.9.2024  
2024-09-15/0.11.2

### Efni: Yfirlýsing vegna umferðarréttar um línuslóða Landsnets

Í samningum vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku hefur eigandi jarðarinnar Þórisstaða í Hvalfjarðarsveit veitt Landsneti heimild til lagningar vegslóða í landi jarðarinnar að háspennulínunum og meðfram þeim. Umræddir vegslóðar eru eingöngu ætlaðir til að tryggja óhindraðan aðgang að strauravirkjum og rafmagnslínunum í landi jarðarinnar vegna byggingarframkvæmda, viðhalds, eftirlits og endurnýjunar Landsnets eða fyrirtækja sem Landsnet felur slík verkefni. Umferðarrétturinn er þannig bundinn við lögboðið hlutverk Landsnets sem flutningsfyrirtækis raforku samkvæmt raforkulögum. Aðrir geta þannig ekki byggt umferðarrétt á rétti Landsnets, heldur verður slíkt að styðjast við aðra heimild eða byggja á samþykki landeiganda.

Virðingarfyllst,

Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur.